

Sorpurðun Vesturlands hf.  
Ársreikningur 2019

Sorpurðun Vesturlands hf  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes

Kt. 530697-2829

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað í júní 1998 og er tilgangur þess að taka á móti, flokka og farga sorpi.

Starfsleyfi til 14 ára var gefið út af Umhverfisstofnun þann 5. febrúar 2014. Starfsleyfið veitir heimild til móttöku og urðunar á allt að 15 þúsund tonnum á ári og til tilrauna með endurnýtingu flokkaðs úrgangs.

Samtals voru urðuð 17.548 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2019. Einnig var tekið við 2.498 tonnum af kurluðu timbri sem notað er til yfirlags í urðunarreinum. Af því magni sem barst til urðunar komu 3.161 tonn frá Vestfjörðum og 2.184 tonn frá Suðurlandi samkvæmt tímabundnu samkomulagi um móttöku á allt að 2.500 tonnum af úrgangi þaðan. Frá Vesturlandi bárust því 12.203 tonn. Þar sem mótttekið magn til urðunar fór yfir þá heimild sem tilgreind er í starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum hefur vinna við mat á umhverfisáhrifum verið sett af stað í því skyni að fá heimild til aukins magns í starfsleyfi félagsins.

Tveir fastir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu, auk þess sem sumarstarfsmaður var ráðinn í fyrsta skipti í sögu félagsins. Félagið greiddi 14,7 millj. kr. í laun starfsmanna, 2,0 millj. kr. í stjórnarlaun, 4,4 millj. kr. í ökutækjastyrk og dagpeninga og 3,9 millj. kr. í launatengd gjöld.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2019 að fjárhæð 48,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 273,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins í árslok nam 22,2 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Hlutféð skiptist á 10 sveitarfélög á Vesturlandi og greinist þannig:

Akraneskaupstaður .....	36,0%
Borgarbyggð.....	23,5%
Snæfellsbær.....	12,9%
Stykkishólmshreppur.....	9,1%
Grundarfjarðarbær.....	6,7%
Dalabyggð.....	6,0%
Hvalfjarðarsveit.....	3,9%
Eyja- og Miklaholtshreppur.....	1,0%
Skorradalshreppur.....	0,4%
Helgafellssveit.....	0,5%

Ekki verður greiddur arður til hluthafa vegna rekstrar á árinu 2019.

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 17. apríl 2020.

Í stjórn félagsins:

\_\_\_\_\_  
Kristinn Jónasson

\_\_\_\_\_  
Finnbogi Leifsson

\_\_\_\_\_  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason

\_\_\_\_\_  
Unnur Þóra Sigurðardóttir

\_\_\_\_\_  
Karitas Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sævar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri:

\_\_\_\_\_  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Sorpurðun Vesturlands hf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sorpurðun Vesturlands hf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.:

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 17. apríl 2020.

**KPMG ehf.**

---

Sigríður Helga Sveinsdóttir

# Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Seld þjónusta .....	2	155.785.587	127.798.999
Aðrar tekjur .....		36.395	35.305
		<u>155.821.982</u>	<u>127.834.304</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	7	25.454.554	21.954.845
Aðkeypt þjónusta og efni vegna móttöku og urðunar .....	8	35.887.372	14.309.207
Annar rekstrarkostnaður .....	9	30.828.512	31.289.835
Afskriftir .....	3,11	11.186.161	9.245.357
		<u>103.356.599</u>	<u>76.799.244</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b> .....		52.465.383	51.035.060
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		7.536.381	6.635.696
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður .....		( 48.837)	( 42.083)
		<u>7.487.544</u>	<u>6.593.613</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		59.952.927	57.628.673
Tekjuskattur .....	10	( 11.994.086)	( 11.529.154)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	17	<u>47.958.841</u>	<u>46.099.519</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Jörðin Fíflholt .....		2.880.970	3.457.164
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir.....		54.314.503	62.258.706
	3,11	<u>57.195.473</u>	<u>65.715.870</u>
Langtímakröfur og bundin innlán:			
Langtímakrafa.....	12	1.463.200	2.563.600
Bundnir innlánsreikningar.....	5,13	31.560.848	25.852.842
		<u>33.024.048</u>	<u>28.416.442</u>
Fastafjármunir samtals		<u>90.219.521</u>	<u>94.132.312</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptakröfur .....	4,15	8.025.274	10.761.420
Aðrar skammtímakröfur .....		1.643.604	1.436.567
Næsta árs afborgun langtímakrafna.....	12	1.100.400	1.100.400
Handbært fé .....	5,14	199.485.559	151.858.862
Veltufjármunir samtals		<u>210.254.837</u>	<u>165.157.249</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>300.474.358</u>	<u>259.289.561</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....	16	22.224.000	22.224.000
Lögbundinn varasjóður .....		5.556.000	5.556.000
Óráðstafað eigið fé .....		245.389.272	205.208.831
Eigið fé samtals	17	<u>273.169.272</u>	<u>232.988.831</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	18	2.301.372	2.395.584
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		6.291.877	8.619.228
Ógreiddur kostnaður og ýmsar skammtímaskuldir .....		6.623.539	3.831.694
Ógreiddir skattar ársins .....	19	12.088.298	11.454.224
		<u>25.003.714</u>	<u>23.905.146</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>27.305.086</u>	<u>26.300.730</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>300.474.358</u>	<u>259.289.561</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	<b>Skýr.</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	17	47.958.841	46.099.519
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	11	11.186.161	9.245.357
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....		( 94.212)	74.930
Veltufé frá rekstri		<u>59.050.790</u>	<u>55.419.806</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		2.529.109	( 1.721.833)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		<u>1.098.568</u>	<u>6.562.978</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>3.627.677</u>	<u>4.841.145</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>62.678.467</u>	<u>60.260.951</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Breyting bundinna innlánsreikninga .....		( 5.708.006)	( 5.622.233)
Framkvæmdir og tækjakaup á árinu .....		( 2.665.764)	( 23.150.703)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 8.373.770)</u>	<u>( 28.772.936)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Greiddur arður til hluthafa .....	17	( 7.778.400)	( 5.556.000)
Afborganir langtímakröfu .....		<u>1.100.400</u>	<u>1.100.400</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 6.678.000)</u>	<u>( 4.455.600)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		47.626.697	27.032.415
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>151.858.862</u>	<u>124.826.447</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u><u>199.485.559</u></u>	<u><u>151.858.862</u></u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Sorpurðunar Vesturlands hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### Innlausn tekna

2. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast.

### Fastafjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### Skammtímafröfur

4. Skammtímafröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum og ábyrgðum er kunna að falla á félagið. Niðurfærslureikningurinn er dreginn frá skammtímafröfum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

5. Bankainnistæður teljast til handbærs fjár auk þess hluta bundinna innistæðna sem laus er til útborgunar á næstu tólf mánuðum eftir reikningsskiladag.

### Tekjuskattsskuldbinding

6. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

## Starfsmannakostnaður:

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2019	2018
Laun starfsmanna .....	14.672.482	12.505.228
Laun stjórnar .....	1.982.160	1.198.790
Áfallið orlof .....	109.425	519.899
Dagpeningar .....	1.683.700	1.472.800
Ökutækjastyrkur .....	2.753.960	2.272.490
Framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð .....	2.159.404	1.753.349
Önnur sjóðagjöld .....	284.903	225.744
Tryggingagjald .....	1.423.486	1.214.495
Annar starfsmannakostnaður .....	385.034	792.050
	<u>25.454.554</u>	<u>21.954.845</u>
Fjöldi starfsmanna .....	2	2
Ársverk .....	2,40	2

## Skýringar, frh.:

### Sundurliðanir

	2019	2018
8. Aðkeypt þjónusta og efni vegna móttöku og urðunar		
Umhverfiskostnaður .....	4.855.212	2.798.686
Starfsleyfi og umhverfisvöktun .....	7.662.006	4.036.871
Metangassöfnun og gasmælingar .....	8.096.615	0
Jarðgerðarverkefni fyrir Vesturland .....	2.290.275	0
Matsáætlun vegna stækkunar starfsleyfis .....	2.520.000	0
Rekstur net- og tölvukerfa .....	771.810	18.060
Önnur aðkeypt þjónusta .....	6.911.911	5.791.406
Rekstrarvörur .....	1.023.226	301.294
Mengunareftirlitsgjald .....	1.448.000	1.331.200
Annar kostnaður .....	308.317	31.690
	<u>35.887.372</u>	<u>14.309.207</u>
9. Annar rekstrarkostnaður:		
Rekstur véla og tækja .....	8.223.627	11.992.260
Fasteignagjöld .....	72.258	75.016
Tryggingar .....	168.962	164.699
Annar húsnæðiskostnaður .....	2.501.338	509.535
Auglýsingar og styrkir .....	409.821	194.878
Pappír, prentun, ritföng, símakostnaður .....	505.861	284.232
Gjaldfærð áhöld og viðhald áhalda .....	171.430	159.399
Ýmis aðkeypt þjónusta .....	2.058.528	2.918.930
Bókhald, reikningsskil og endurskoðun .....	2.008.738	1.590.820
Aðkeypt þjónusta SSV - umsjón .....	14.892.690	11.667.670
Fundakostnaður og félagsgjöld .....	543.965	269.211
Ferðakostnaður .....	126.191	37.610
Niðurfærsla viðskiptakrafna og tapaðar kröfur, breyting .....	( 1.214.717)	1.371.757
Útvarpsgjald .....	17.500	17.100
Annar kostnaður .....	342.320	36.734
	<u>30.828.512</u>	<u>31.289.835</u>

### Tekjuskattur

	2019	2018
10. Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
<b>Tekjuskattur til greiðslu:</b>		
Vegna ársins .....	12.088.298	11.454.224
<b>Frestaður tekjuskattur:</b>		
Breyting á tímabundnum mismun .....	( 94.212)	74.930
Tekjuskattur samtals .....	<u>11.994.086</u>	<u>11.529.154</u>
Virkt skatthlutfall:	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Hagnaður fyrir skatta .....	59.952.927	57.628.673
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20% 11.990.586	11.525.734
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0% 3.500	3.420
Virkur tekjuskattur .....	<u>20% 11.994.086</u>	<u>11.529.154</u>

## Skýringar, frh.:

### Varanlegir rekstrarfjármunir

11. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Jörðin Fíflholt	Aðrir varanl. rekstrarfjárm.	Samtals
Heildarverð 1.1. 2019.....	14.404.851	142.065.723	156.470.574
Afskrifað áður .....	( 10.947.687)	( 79.807.017)	( 90.754.704)
Bókfært verð 1.1.2019.....	3.457.164	62.258.706	65.715.870
Viðbót á árinu.....	0	2.665.764	2.665.764
Afskrifað á árinu .....	( 576.194)	( 10.609.967)	( 11.186.161)
Bókfært verð 31.12.2019.....	2.880.970	54.314.503	57.195.473
Heildarverð 31.12.2019.....	14.404.851	144.731.487	159.136.338
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	( 11.523.881)	( 90.416.984)	( 101.940.865)
Bókfært verð 31.12.2019.....	2.880.970	54.314.503	57.195.473
Afskriftahlutföll.....	4%	10-20%	

Fasteignamat jarðarinnar í árslok nam 1,2 millj. kr. og fasteignamat mannvirkja á jörðinni nam 7,7 millj. kr. Brunabótamat fasteigna nam 22,5 millj. kr.

### Verðbréfaeign

12. Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

Langtímakrafa 1.1 .....	3.664.000
Afborgun langtímakröfu á árinu .....	( 1.100.400)
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.563.600
Næsta árs afborganir .....	( 1.100.400)
	1.463.200

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020.....	1.100.400
Árið 2021.....	1.100.400
Árið 2022.....	362.800
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	2.563.600

Á árinu 2012 var Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi veitt jafngreiðslulán að fjárhæð 11 millj. kr. til 10 ára með 5% óverðtrygðum vöxtum. Er lánið tryggt með veði í eign samtakanna að Bjarnarbraut 8.

## Skýringar, frh.:

---

### Bundnir innlánsreikningar

13. Bundnir innlánsreikningar félagsins eru á eftirfarandi reikningum:

Arion banki hf. verðtryggðir bundnir innlánsreikningar, sbr. skýringu 20 .....	60.036.276
Þar af laust til útborgunar á næstu tólf mánuðum .....	( 28.475.428)
	<u>31.560.848</u>

### Handbært fé

14. Bankainnistöður félagsins eru á eftirfarandi reikningum:

Arion banki hf. bakhjarl .....	34.905.156
Arion banki hf. MX12 .....	114.085.647
Arion banki hf. óverðtryggður reikningur 24 .....	20.831.678
Arion banki hf. tékkareikningur .....	1.187.650
Laust til útborgunar af bundnum innlánsreikningi .....	28.475.428
	<u>199.485.559</u>

### Skammtímakröfur

15. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	1.877.401
Breyting niðurfærslu á árinu .....	( 1.214.717)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>662.684</u>

### Eigið fé

16. Hlutfé félagsins nam í árslok 22,2 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

17. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019 .....	22.224.000	5.556.000	205.208.831	232.988.831
Arður til hluthafa .....			( 7.778.400)	( 7.778.400)
Hagnaður ársins .....			47.958.841	47.958.841
Eigið fé 31.12.2019 .....	<u>22.224.000</u>	<u>5.556.000</u>	<u>245.389.272</u>	<u>273.169.272</u>

## Skýringar, frh.:

---

### Tekjuskattsskuldbinding

18. Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2019 .....	2.395.584
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	11.994.086
Tekjuskattur til greiðslu 2019 .....	( 12.088.298)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2019 .....	<u>2.301.372</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.347.029
Viðskiptakröfur .....	( 45.657)
	<u>2.301.372</u>

### Skattamál

19. Opinber gjöld til greiðslu vegna rekstrarársins nema samtals 13,5 millj. kr. og greinast þannig:

Tekjuskattur .....	11.994.086
Tryggingagjald .....	1.423.486
	<u>13.417.572</u>

### Tengdir aðilar

20. Aðal- og varamenn í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. auk æðstu stjórnenda félagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Félagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti félagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

### Önnur mál

21. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, skal Sorpurðun Vesturlands hf. leggja fram fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem fylgja starfsleyfi félagsins, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Tryggingin skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað. Vegna þessa hefur félagið lagt árlega inn á bundinn innlánsreikning og nam fjárhæðin 60,0 millj. kr. í árslok 2019.

22. Í samræmi við reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 færir félagið grænt bókhald og gefur árlega út sérstaka ársskýrslu þar að lútandi, sem staðfest er af stjórn félagsins og sérstakri endurskoðun endurskoðanda.